

Mál nr. 409/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. janúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. desember 2024 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Samkvæmt lýsingu M voru atvik með þeim hætti að hann var að ganga um sal á vinnustaðnum þegar nýr starfsmaður, Y, gekk fram hjá honum með vörubretti sem hann hafði staflað þungum bökkum með varningi á. Klaki hafi verið á brettinu og farmurinn ekki festur tryggilega. Umrædd vörustæða hafi runnið af stað, fallið af brettinu og lent á vinstri fæti M með þeim afleiðingum að hann varð fyrir líkamstjóni. M hafi orðið óvinnufær strax á slysdegi og ekki snúið aftur til vinnu fyrr en um þremur mánuðum síðar.

Í málskoti kemur fram að M telji X bera skaðabótaábyrgð á tjóni hans, en V hafi, með bréfi dags. 24. október 2025, hafnað kröfu hans um bætur úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að ekki væri sýnt fram á að slysið væri að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X eða starfsmanna þess. M er ósammála þeirri afstöðu og byggir á því að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi Y sem hafi ekki gætt að því að vörubakkar væru tryggilega festir á brettið. Ljóst sé að hefði vörunum verið rétt staflað á brettið og þær festar með fullnægjandi hætti hefði ekki komið til tjóns M. Afar auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með því að stafla færri bökkum á brettið eða festa þá.

Enn fremur beri X ábyrgð á slysinu með því að hafa ekki tryggt öruggar vinnuáðstæður, viðeigandi verklagsreglur og þjálfun starfsmanna. Þannig hafi engar verklagsreglur eða öryggisráðstafanir verið til staðar vegna umrædds verks Y en X hafi borið að tryggja viðunandi verklag við stöflun varnings á vörubretti. Sú skylda hafi verið sérlega rík þar sem Y var nýr í starfi. Ljóst sé að Y hafi ekki fengið fullnægjandi þjálfun til starfars. Þá hafi X ekki tryggt að allar umferðarleiðir manna og flutningstækja væru greiðar og afmarkaðar. Umrætt sinn hafi Y farið með vörubrettið þvert yfir gangveg starfsmanna. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra með stoð í þeim auk nánar tilgreindra dómsúrlausna framangreindu til stuðnings.

Í málskoti kemur einnig fram að Vinnueftirlitinu hafi aldrei verið tilkynnt um slysið en með hliðsjón af óvinnufærni M strax í kjölfar þess hafi borið að senda slíka tilkynningu án tafar samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem stafi af því að Vinnueftirlitið hafi ekki getað sinnt rannsóknarskyldu sinni. Hafi það þá einnig áhrif á sönnunarstöðu að X hafi ekki látið framkvæma neins konar rannsókn á tildrögum slyssins og ekki lagt fram myndbandsupptökur af atvikinu en öryggismyndavélar séu á vettvangi slyssins. Standi það X nær að annast framangreinda gagnöflun og verði það því að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem af því leiðir að það hafi ekki verið gert.

Af öllu framangreindu sé ljóst að X beri fulla og óskerta skaðabótaskyldu vegna líkamstjóns M.

Í bréfi V til nefndarinnar er því mótmælt sem ósönnuðu að frágangi bakka á vörubrettinu hafi verið ábótavant og sé ekki sýnt fram á að Y hafi sýnt af sér ógætni eða gáleysi. Staðhæfingu M um óviðundandi skort á verklagsreglum um umræddan verkþátt er jafnframt mótmælt eða verði ekki gerð sú krafa til vinnuveitanda að gerða séu skriflegar verklagsreglur um hvernig vörum sé staflað á vörubretti. Um einfalt verk sé að ræða sem ekki kalli á sérstakar leiðbeiningar eða fyrirmæli. Þá sé ekkert sem bendi til þess að umferðarleiðir á vinnustaðnum hafi ekki verið til samræmis við lög og reglur.

Þá hafnar V röksemdum M varðandi það að X verði að bera hallann af sönnunarskorti í málinu þar sem slys M hafi ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Í dómaframkvæmd hafi verið litið svo á að

umrædd tilkynningarskylda geti ekki leitt til þess að sönnunarbyrðin um orsakir slysa verði lögð á vinnuveitendur, nema sýnt sé fram á að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði varpað skýrara ljósi á orsakir og atvik slyssins. Í þessu tilviki sé ekki ágreiningur um málsatvik, þ.e. að vörur hafi fallið af bretti þegar Y var að flytja brettið milli staða og M stóð við hlið þess. Eðli máls samkvæmt hefði rannsókn Vinnueftirlitsins bætt litlu við, enda hefði ekki verið unnt að rannsaka hvernig vörunum var raðað á brettið eftir að þær féllu af því. Er þá vísað til 3. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 en rannsókn Vinnueftirlitsins miði ekki að því að ákvarða sök eða ábyrgð vegna vinuslysa og skuli skýrslum þess ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmáli. Samkvæmt meginreglum skaðabóta- og vátryggingaréttar beri M sönnunarbyrði fyrir málsástæðum sínum og þá sönnunarbyrði hafi hann ekki axlað.

Hafi samkvæmt framangreindu verið um óhappatilvik að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar eða ólögmaðrar háttsemi X eða starfsmanna þess.

Í viðbótarathugasemdom M kemur fram að óhappatilvik hafi verið skýrt með þeim hætti að þar sé um að ræða atburð sem verður án þess að rekja megi hann til saknæmrar háttsemi nokkurs aðila, þ.e. ófyrirsjáanlegur og óhjákvæmilegur atburður þrátt fyrir að eðlilegar varúðarráðstafanir séu viðhafðar. Hér liggja hins vegar fyrir að vörurnar hefðu ekki hrunið af brettinu nema vegna aðgæsluleysis, vanbúnaðar og/eða ófullnægjandi verklags. Ótryggur frágangur farms á bretti valdi verulegri slyshættu sem sé auðvelt að koma í veg fyrir. Þá er mótmælt þeirri afstöðu V að málsatvik séu óumdeild og því eigi skortur á tilkynningu til Vinnueftirlitsins ekki að hafa áhrif. Hið eina sem sé óumdeilt sé að M varð fyrir því að fá yfir sig vörur af bretti sem annar starfsmaður ók á vörutjakki. Hins vegar sé ágreiningur um það hvernig vörunum hafi verið staflað, hvort og hvernig þær hafi verið festar o.s.frv. Þá hafi ekki verið lögð fram atvikaskráning, þjálfunarskrá, verklagsreglur eða nokkuð annað sem varpi ljósi á almennt verklag hjá X og hvernig Y leysti verkið af hendi. Er þá áréttað að X hafi ekki hlutast til um rannsókn á aðstæðum og tildrögum slyssins eða lagt fram myndbandsupptökur af slysinu og verði af þeim sökum að bera hallann af sönnunarskorti í málinu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi leitað lækniástoðar þegar á slysdegi og er ekki um það deilt að hann hafi verið óvinnufær frá þeim degi og fram til 24. febrúar 2025 en sú dagsetning er tilgreind í læknisvottorði dags. 11. mars 2025.

Verður því að miða við það að X hafi borið að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys M án ástæðulausrar tafar en af gögnum málsins má ráða að það hafi ekki verið gert. Hins vegar verður að fallast á það með V að ekki er í sjálfu sér ágreiningur um það að slysið hafi orðið með þeim hætti að vörur af vörubretti sem Y var að flytja milli staða hafi fallið á M og að ólíklegt sé að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði varpað nánari ljósi á það hvernig vörum var raðað á brettið.

Ekki liggja fyrir nein gögn er styðja frekar við fullyrðingar M um ófullnægjandi aðstæður á vinnustað, skort á verklagsreglum og þjálfun eða ótryggar gönguleiðir. Þannig liggja engar frekari upplýsingar um aðstæður á vettvangi, s.s. ljósmyndir eða afstöðuteikningar, fyrir nefndinni. Ekki hafa þá verið lögð fram frekari gögn um t.a.m. stærð umrædds brettis eða þyngd þeirra bakka sem var raðað á það. Þá er ekki ljóst hvort einhver vitni voru að umræddu atviki, en í öllu falli liggja engir vitnisburðir eða lýsingar þriðju aðila á frágangi varanna á brettinu fyrir nefndinni.

Þó fallast megi á það með M að X hafi ekki lagt neitt fram er sé til þess fallið að varpa nánara ljósi á framangreint, haggar það þó ekki því að sönnunarbyrðin um að slys hans sé að rekja til atriða er X verði gert að bera skaðabótaskyldu vegna, hvílir á M.

Hefur M samkvæmt öllu framansögðu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða Y, eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða